

## BRÁÐABIRGÐALÖG

67

um breyting á áfengislögum, nr 33 9. janúar 1935.

24. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Dómsmálaráðherra hefur tjáð oss, að á sínum tíma hafi verið veitt heimild til að framleiða og selja hinu brezka setuliði, sem hér dvaldist, öl, sem hafði inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Heimild þessi sé enn í lögum, en eigi ekki lengur við, og þyki því rétt að breyta henni á þann veg, að við geti átt um varnarlið það, sem nú dvelst í landinu.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

## 1. gr.

2. mgr. 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 orðist svo:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

## 2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 92 9. júlí 1941.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

68

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum.

24. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að h.f. Hvalur eigi kost á að kaupa fjögur norsk hvalveiðiskip, sem félag þetta hefur haft á leigu undanfarin ár, og enn fremur, að þar sem skip þessi séu eldri en 12 ára, en miklum vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, og einnig sé um nýjan atvinnurekstur að ræða hér á landi, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipanna, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

68  
24. maí

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnar-  
skrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum,  
þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinnsson.**  
(L. S.)

Ólafur Thors.

69  
31. maí

## AUGLÝSING

**um bráðabirgðaviðskiptasamkomulag milli Íslands og Brasilíu.**

Með erindaskiptum milli Thors Thors sendiherra fyrir hönd ríkisstjórnar Ís-  
lands og Heitors Lyra setts utanríkisráðherra Brasilíu fyrir hönd ríkisstjórnar Brasi-  
líu var hinn 5. maí gert bráðabirgðasamkomulag í Rio de Janeiro um viðskipti milli  
Íslands og Brasilíu.

Samkvæmt samkomulaginu leyfir ríkisstjórn Íslands útflutning á saltfiski til  
Brasilíu fyrir allt að 300 000 sterlingspund og innflutning á kaffi frá Brasilíu fyrir  
sömu upphæð. Ríkisstjórn Brasilíu leyfir útflutning til Íslands á kaffi fyrir 300 000  
sterlingspund og innflutning frá Íslandi á saltfiski fyrir sömu upphæð.

Samkomulagið gildir í eitt ár.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1951.*

**Bjarni Benediktsson.**

Magnús V. Magnússon.

70  
1. júní

## AUGLÝSING

**um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og  
hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 1. júní 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

Birgir Thorlacius.